

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

713. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 19. september 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Fjallskilastjórnar Vatnsnesinga.
2. Bréf Velferðarráðuneytisins.
3. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf fjallskilastjórnar Vatnsnesinga frá 7. september s.l., þar sem gagnrýnd er slepping á hrossum á jörðinni Kirkjuhvammi. Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar landbúnaðarráðs.
2. Lagt fram bréf Velferðarráðuneytisins frá 9. september s.l., þar sem sveitarfélögum er bent á að gera aðgerðaráætlanir um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. Bréfinu vísað til skoðunar félagsmálaráðs.
3. Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlög Jöfnunarsjóðs til eflingar tónlistarnámi og jöfnun á aðstöðumun nemenda.
Samþykkt að taka á dagskrá.
4. Samþykkt að næsti reglulegi sveitarstjórnarfundur sem halda átti 13. október n.k. verði þess í stað haldinn 6. október 2011 kl. 15:00.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:35

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Ragnar S. Helgason.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Elín Jóna Rósinberg.